

Eyja- og Miklaholtshreppur  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hofsstöðum  
311 Borgarnes

Reykjavík 12. desember 2017  
UST201710-271/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Lýsing. Deiliskipulag – Vegamót – Eyja- og Miklaholtshreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu nýs deiliskipulags fyrir Vegamót í Eyja- og Miklaholtshreppi.

**Skipulagssvæðið**

Áætlað skipulagssvæði er 55000 m<sup>2</sup> ( 5,5 ha) í landi Vegamóta á austurhluta Snæfellsness. Í lýsingu kemur fram að allt áætlað framkvæmdasvæði er á láglendi og liggur við gatnamót þjóðvegar 54 og þjóðvegar 56. Markmið með áætluðu deiliskipulagi er að byggja veislusal, eldhús, hótel einingu, bílskúr, gróðurhús, hesthús, smáhýsi, húsnæði fyrir ferðaþjónustu og parhús.

Einnig kemur fram að til að styrkja þjónustukjarna við Vegamót er gert ráð fyrir 10 ha svæði fyrir íbúðabyggð.


Umhverfisstofnun bendir á að áætlað framkvæmdasvæði er afar áberandi og telur stofnunin mikilvægt að við framkvæmdir náist heildaryfirbragð á svæðinu svo forðast megi neikvæð sjónræn áhrif.

Á áætluðu framkvæmdasvæði eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og ekki vistgerðir eða jarðminjar er falla undir sérstaka vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Beðist er velvirðingar á að langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Rakel S Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur